

## Tilkynning varðandi lúsameðferð í Arnarfirði

**Til** : Jón Árnason <jon@vesturbyggd.is>;Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>;Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>

**Frá** : Elvar Steinn Traustason <et@afish.is>

**CC** : Guðmundur Ólafsson <gola@afish.is>

**Heiti** : Tilkynning varðandi lúsameðferð í Arnarfirði

**Málsnúmer** : 2310056

**Málsaðili** : Arctic Fish ehf.

**Skráð dags** : 25.10.2023 00:00:00

**Höfundur** : Elvar Steinn Traustason <et@afish.is>

**Viðhengi** image001.pngimage001.png

Góðann dag.

Það er Arctic Fish einstaklega mikilvægt að vera í góðum samskiptum við nær samfélagið og veita upplýsingar um starfsemina.

Nú er komin upp sú staða að nauðsynlegt er að meðhöndla eldislaxa fyrirtækisins á eldisstöð fyrirtækisins við Eyrarhlíð og Haukadal í Dýrafirði

Hér fyrir neðan er stuttur texti til upplýsingar

Ef vakna spurningar er velkomið að hafa samband og við svörum eins fljótt og vel og okkur er mögulegt.

### **Meðhöndlun gegn Laxa- og fiskilús í Arnarfirði**

Laxalús(*Lepeoptheirus salmonis*) og í minna mæli fiskilús(*Caligus elongatus*) eru með stærstu áskorunum í nútíma laxeldi. Almenn séð er staðan á Vestfjörðum góð þegar kemur að laxa-og fiskilús. Þar er helst að þakka náttúrulegum aðstæðum ásamt lyfjalausum forvörnum, svo sem lúsapilsu og lífrænum lúsavörnum(hrognkelsaseiði). Þrátt fyrir góða stöðu geta komið upp þær aðstæður að óæskilegt magn lúsa mælist í kvíastæðum. Lús og þá sérstaklega laxalús í miklu magni getur haft neikvæð áhrifa á vöxt laxfiska, þá getur hún valdið sárum á uggum og hreistri sem getur aukið líkur á sýkingum hjá eldisfiski. Það er því til mikils að vinna að halda lús í skefjum á eldissvæðum.

Þegar upp koma aðstæður sem þessar sækir Arctic Fish um leyfi til lyfjameðhöndlunar til Matvælastofnunar. Fisksjúkdómanefnd tekur málið fyrir metur með tilliti til umhverfisskilyrða, fiskistærðar, stöðu lúsasmita og væntanlegrar þróunar á svæðinu. Allar umsóknir um notkun lyfja gegn Laxa-og fiskilús má finna undir fundargerðir Fisksjúkdómanefndar á heimasíðu Matvælastofnunar (<https://www.mast.is/is/um-mast/nefndir-og-rad/fisksjukdomanefnd>).

Nú ber svo við að meðhöndla þarf gegn lús á kvíastæði okkar við Hvestudal í Arnarfirði.

Áætlaður meðhöndlunartími er eftirfarandi:

Hvestudalur frá 26.10.23 þar til meðhöndlun er lokið.

Kvíastæðið verða merkt með gulu flaggi meðan á meðhöndlunartíma stendur í samræmi við ASC vottun Arctic Sea Farm.

Lyfjameðhöndlun verður með efninu Salmosan® (Azamethiphos). Efnið er vel þekkt og er góð reynsla á því í fiskeldi erlendis. Lyfjastofnun Íslands gerir kröfu á 10 daggráður (dagur x °C) í biðtíma fyrir slátrun. Salmosan er baðlausn og því eru áhrif efnisins á eldisdýr hverfandi og ekki eru þekkt neikvæð heilbrigðis áhrif af efninu á

lokavöru.

Kær kveðja | Best regards

**Elvar Steinn Traustason**

Quality, License and Research Manager

+354 6936326



**Arctic Fish ehf.**

[www.arcticfish.is](http://www.arcticfish.is)

Sindragata 10, 400 Ísafjörður, Iceland